

SMS kerfi ÆSKP

Kerfið er frítt fyrir aðildarfélög ÆSKP. Hver kirkja borgar fyrir hvert sent SMS.

SKILMÁLAR VEGNA SMS KERFIS ÆSKP

UMSÓKN

Aðildarfélag Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar (hér eftir ÆSKP) eða annað félag sem nýtir þjónustu ÆSKP (hér eftir einnig ávarpað aðildarfélag) sækir hér með um að fá aðgang að SMS kerfi ÆSKP og samþykkir að fara eftir eftirfarandi skilmálum:

ALMENNIR SKILMÁLAR

1. Inngangur

1.1 Eftirfarandi skilmálar kveða á um notkunarreglur og efni þess samnings sem stofnast milli aðildarfélags annars vegar og ÆSKP hins vegar.

1.2 Aðildarfélag safnar símanúmerum æskulýðsbarna. Börn eldri en 13 ára þurfa ekki samþykki frá foreldrum. Símanúmerin verða geymd á notendasíðu hvers æskulýðsfélags en einnig í gagnagrunni ÆSKP. ÆSKP hefur ekki heimild til að afhenda þessar upplýsingar til annarra en má nýta grunninn til að senda viðeigandi tilkynningar til æskulýðsbarna.

1.3 Við skráningu í SMS kerfið þarf eigandi/notandi símanúmersins, að gefa samþykki sitt fyrir því að númerið sé vistað í gagnagrunninum. Þá þarf aðildarfélagið að kynna fyrir notendum sínum að þeir geti hvenær sem er látið afskrá sig af SMS listanum, komi til þess að notandi vilji afskrá sig skal aðildarfélagið bregðast við með því að afskrá notandan um leið og hægt er. Til að afskrá sig skal senda netfang á sms@aeskth.is með símanúmeri og nafni aðildarfélags.

1.4 ÆSKP heldur utan um fjölda sendra SMS skilaboða og sendir aðildarfélögum reikning tvisvar sinnum á ári fyrir notkuninni.

2. Notandaheiti og lykilorð

2.1 Aðildarfélag fær úthlutað notandanafni og lykilorði til að komast inn í sms kerfið, þessum upplýsingum má ekki deila með öðrum.

2.2 Aðildarfélagið ábyrgist að varðveita allar þær upplýsingar sem það skráir í kerfið með tryggum hætti og ber ábyrgð á því að þær berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Aðildarfélagið ber ábyrgð á öllum sendum skilaboðum þar sem rétt notandaheiti og lykilorð eru notuð en notkun rétts lykilorðs jafngildir undirskrift aðildarfélags.

2.3 Aðildarfélagi ber að tilkynna ÆSKP án tafar ef það hefur ástæðu til að ætla að óviðkomandi hafi komist yfir upplýsingar um notandaheiti og/eða lykilorð. (Tilkynna skal með tölvupósti til aeskth@aeskth.is).

2.4 Aðildarfélagi er heimilt að veita nánar tilgreindum starfsmönnum sínum aðgang að SMS kerfinu, en skal að sama skapi halda skrá yfir hverjir hafa fengið aðgang. Aðildarfélagið ber fulla ábyrgð á öllum skeytum sem starfsmenn hans framkvæma með notandanafni og lykilorði þess. Fyrirsvarsmönnum aðildarfélags ber að tilkynna ÆSKP þegar í stað ef starfsmaður hans sem hefur aðgang að SMS kerfinu hættir störfum, svo hægt sé að endurnýja aðgangsorð. Sama gildir ákveði aðildarfélag að afturkalla aðgangshheimild einstakra starfsmanna sinna.

2.5 Til að gæta öryggi gagna er þess krafist að lykilorð séu sterk. Eftirfarandi reglur gilda um lykilorð að SMS kerfinu:

Breyta þarf lykilorði þegar grunur leikur á að óviðkomandi hafi komist yfir aðgangsupplýsingar

Lykilorð mega ekki innihalda nafn eða notendanafn
Lykilorð þarf að vera a.m.k. 7 stafi á lengd
Lykilorð þarf að innihalda bæði bókstafi og tölustafi
Lykilorð þarf að innihalda bæði HÁSTAFI og lágstafi

3. Vinnsluskrá

3.1 Aðildarfélag þarf að ská notkun á SMS kerfinu í vinnsluskrá í samræmi við persónuverndarlöggjöfina.

4. Framkvæmd

4.1 Aðildarfélag getur ekki meðhöndlað aðrar færslur, nema þær sem tilheyra hans félagi. Telji aðildarfélag að hann hafi fengið aðgang að röngum gögnum, skal hann samstundis tilkynna það til ÆSKP. Skal hann jafnframt gæta fyllsta trúnaðar um efni viðkomandi gagna.

4.2 ÆSKP sendir allar tilkynningar til aðildarfélaga með tölvupósti. Tölvupóstur telst kominn til skila þegar aðildarfélag á möguleika á að nálgast tölvupóstinn. Aðildarfélag ber ábyrgð á því ef netþjónn hans kemur ekki tölvupósti til skila, t.d. vegna bilana í tölvukerfi eða vegna breytinga á netfangi.

5. Þóknun og þjónustugjöld

Þóknun og þjónustugjöld vegna SMS kerfisins eru samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Árgjald fyrir aðildarfélag: Frítt
Árgjald fyrir aðra: 5000 krónur
Gjald fyrir hvert sms: 7 krónur

Verði breyting á gjaldskrá verður aðildarfélögum gert viðvart.

6. Breytingar á skilmálum

6.1 ÆSKP áskilur sér rétt til að ákveða einhliða þá þjónustu sem veitt er í tengslum við SMS kerfið samkvæmt samningi þessum. ÆSKP áskilur sér einnig rétt til að rjúfa aðgang að SMS kerfinu um stundarsakir, fyrirvaralaust og án tilkynningar ef þörf krefur vegna uppfærslu skráa, breytinga kerfis, hvers konar bilana o.þ.h. ÆSKP áskilur sér rétt til að breyta eða bæta við skilmála þessa án fyrirvara. Þó skal notendum alltaf gert viðvart hafi breytingar átt sér stað.

7. Uppsögn, vanefndir og fleira

7.1 Aðilar samningsins geta hvenær sem er sagt samningnum upp. Við uppsögn skal greiða þær skeytasendingar sem hafa átt sér stað á síðan síðast var gert upp.

7.2 ÆSKP er heimilt að rifta samningnum fyrirvaralaust og án tilkynningar ef aðildarfélag vanefnir á einhvern hátt skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða öðrum skilmálum sem tengjast notkun hans á SMS kerfinu, s.s. vegna misnotkunar, tilraunar til misnotkunar eða brots á skilmálunum.

8. Ábyrgð

8.1 Um ábyrgð ÆSKP vegna notkunar á SMS kerfi. ÆSKP ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til saknæmrar háttsemi annarra en starfsmanna ÆSKP, það er ef tjón verður vegna háttsemi aðildarfélags, utanaðkomandi aðila eða vegna ófyrirsjáanlegra atburðar án þess að starfsmenn ÆSKP hafi átt þar hlut að máli.

9. Trúnaður

9.1 Allar upplýsingar sem skráðar eru í SMS kerfið svo sem nöfn og símanúmer eru trúnaðarmál og þær upplýsingar má ekki framselja. Aðildarfélögum er heimilt að geyma upplýsingar í SMS kerfinu eins lengi og ástæða þykir til, en ekki er heimilt að afrita þær upplýsingar með einum né öðrum hætti. Mikilvægt er að aðildarfélögin skrái notkun sína á SMS kerfinu í þar til gerða vinnsluskrá.

10. Yfirlýsing aðildarfélags

10.1 Með því að samþykka þessa umsókn og skilmála, staðfestir aðildarfélagið að það hafi kynnt sér ítarlega almenna skilmála um SMS kerfi ÆSKP og sættir sig við efni þeirra í einu og öllu og skuldbindur sig til að hlíta þeim í hvívetna.

10.2 Aðildarfélagið skuldbindur sig til að kynna notendum sínum möguleikann á afskráningu af sms listanum og bregðast við því um leið og notandi óskar eftir því.

Samþykkt dags:

Nafn aðildarfélags

Kirkja/sókn

Kennitala kirkju

Netfang þess sem greiðir reikninga

Undirskrift fulltrúi aðildarfélags

Vinsamlegast sendið undirritað eintak til:

Æskulýðssamband þjóðkirkjunnar
Neskirkju við Hagamel
107 Reykjavík

eða á tölvupósti

sms@aeskh.is